

ÁLITSGERÐ

nefndar samkvæmt 27. gr. laga 70/1996
um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins
í málinu nr. 1/2008

Mál X

1. Aðilar málsins

Aðilar málsins eru biskup Íslands og X. Jóhannes Eiríksson hdl. rak málið f.h. biskups Íslands en Guðjón Ólafur Jónsson hrl. rak málið f.h. X.

2. Málavextir

2.1. Málsmeðferð fyrir nefndinni

Við meðferð málsins skipuðu nefndina Björg Thorarensen prófessor, formaður, Erna Guðmundsdóttir hdl., tilnefnd af samtökum ríkisstarfsmanna og Arnar Guðmundsson skólastjóri, tilnefndur af dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Málið barst nefndinni með bréfi sr. Sigurðar Sigurðssonar, vígslubiskups, staðgengils biskups Íslands, dags. 17. september 2008. Þar var tilkynnt að biskup Íslands hefði sama dag veitt X lausn um stundarsakir frá embætti sem skipaður sóknarprestur í Selfossprestakalli, Árnesprófastsdæmi, með vísan til þess að ríkissaksóknari hefði gefið út ákæru á hendur honum vegna meintra brota á 199. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Engin frekari gögn fylgdu bréfinu en tilkynnt var um að frekari gögn og greinargerð vegna málsins yrðu lögð síðar fyrir nefndina.

Þann 18. september 2008 sendi formaður nefndarinnar bréf til fjármálaráðuneytisins og óskaði þess að skipaðir yrðu tveir meðnefndarmenn til þess að fjalla um málið sbr. 2. og 3. másl. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (hér eftir nefnd starfsmannalög). Sama dag var X tilkynnt með bréfi formanns að málið hefði verið sent nefndinni til meðferðar. Með bréfi dags. 16. október 2008 tilkynnti fjármálaráðuneytið um skipun nefndarinnar og hóf nefndin störf 30. október

Eftir að málið barst nefndinni til meðferðar ákvað hún að afla gagna frekari gagna. Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. starfsreglna nefndarinnar frá 29. júlí 1997 skal nefndin ljúka máli og semja álit, þótt opinber rannsókn hafi farið fram í máli og ákærvald hafi gefið út ákæru. Jafnframt kemur fram í 14. og 15. gr. reglnanna að nefndin skuli við rannsókn málsins afla allra gagna sem kunna að vera til upplýsingar um málsatvik eða réttarstöðu starfsmannsins að öðru leyti, þ.m.t. skýrslur sem gefnar hafa verið við opinbera rannsókn. Með vísan til þessa ritaði formaður nefndarinnar embætti ríkissaksóknara bréf þann 30. október og óskaði eftir því að henni yrði afhent afrit rannsóknargagna sem lágu

til grundvallar ákæru á hendur X. Með bréfi embættis ríkissaksóknara til nefndarinnar var tilkynnt að við þingfestingu málsins hjá Héraðsdómi Suðurlands, nr. S-538/2008, ákærvaldið gegn X, þann 19. september sl. hefði verið ákveðið að það yrði háð fyrir luktum dyrum, sbr. b-lið 1. mgr., sbr. 2. mgr. 8. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, sbr. laga nr. 36/1999. Af þeim ástæðum og með vísan til 2. mgr. 10. gr. laga um meðferð opinberra mála og þar sem málið væri á forræði héraðsdóms hefði erindi nefndarinnar verið framsent til Ásgeirs Magnússonar héraðsdómara, til endanlegrar ákvörðunar. Nefndinni barst síðan svar héraðsdómarans með bréfi, dags. 4. nóvember. Þar kom fram að í ljósi þess að ákveðið hefði verið að þinghöld í málinu yrðu háð fyrir luktum dyrum til hlífðar brotaþolum, sbr. b-lið 8. gr. laga nr. 19/1991 og með hliðsjón af 10. gr. sömu laga, yrði að synja beiðni nefndarinnar um afhendingu gagna.

Við meðferð málsins fyrir nefndinni var lagt fram af hálfu biskupsstofu afrit ákæru ríkissaksóknara á hendur X, útgefinni 12. september 2008. Önnur gögn tengd rannsókn eða meðferð málsins hjá lögreglu eða í refsímálinu hafa ekki verið lögð fram fyrir nefndinni. Að lokinni gagnaöflun og framlagningu greinargerða aðila var málið reifað munnlega af umboðsmönnum þeirra fyrir nefndinni þann 9. desember 2008. Þá kom jafnframt fram að dómur gekk í fyrrgreindu refsímáli þann 2. desember 2008. Þar var X sýknaður af kröfum ákærvaldsins í málinu. Var dómurinn lagður fram af hálfu X við meðferð málsins fyrir nefndinni.

2.2. Málsatvik

X lauk guðfræðiprófi frá Háskóla Íslands ári 1972 og hefur síðan starfað sem sóknarprestur á Bolungarvík, við Fríkirkjuna í Reykjavík og Holti í Önundarfirði. Hann var skipaður sóknarprestur á Selfossi árið 2002.

Þann 25. og 29. apríl 2008 bárust lögreglu tvö bréf frá Fjölskyldumiðstöð Sveitarfélagsins Árborgar þar sem farið var fram á, fyrir hönd barnaverndar Árborgar, að fram færi lögreglurannsókn skv. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 vegna meintrar kynferðislegrar áreitni X gagnvart tveimur unglingsstúlkum. Hófst þá lögreglurannsókn á málinu. X fór í leyfi frá störfum 1. maí 2008.

Með bréfi dags. 17. september 2008 tilkynnti biskup Íslands X að hann hefði ákveðið að veita honum lausn um stundarsakir frá embætti hans sem sóknarprestur í Selfossprestakalli. Í bréfinu kom fram að ástæða lausnarinnar væri sú að ríkissaksóknari hefði staðfest að ákæra hefði verið gefin út í máli á hendur X, vegna meintra brota á 199. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Þá sagði jafnframt að ákvörðun um lausn X frá embætti væri byggð á því að rétt væri samkvæmt 2. másl. 3. mgr. 26. gr. laga nr. 70/1996 að bregðast við með þessum hætti þegar fyrir lægi rökstuddur grunur um háttsemi, sem hefði í för með sér sviptingu réttinda samkvæmt 68. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Við meðferð málsins fyrir nefndinni kom fram að biskup hafði ekki ákærana undir höndum þegar ákvörðun var tekin um lausn X þann 17. september. Ákvörðunin var tekin í kjölfar símtals sem fulltrúi biskupsstofu átti við settan saksóknara hjá embætti ríkissaksóknara þann 16. september, þann sama og undirritaði ákærana. Í símtalinu staðfesti settur saksóknari að ákæran hefði verið gefin út þann 12. september og kynnti hann efni ákærunnar einnig munnlega fyrir fulltrúa biskupsstofu. Sama dag og símtalið fór fram ritaði fulltrúi biskupsstofu embætti ríkissaksóknara bréf þar sem óskað var eftir afriti af ákærunni á hendur og framsendi ríkissaksóknari erindið til héraðsdómara í málinu. Með bréfi dags. 23. september sendi héraðsdómari biskupsstofu afrit ákærunnar, en þar kom fram að þar sem þinghöld í málinu yrðu lokuð til hlífðar brotapolum hefðu nöfn þeirra og aðrar persónugreinanlegar upplýsingar verið afmáðar úr ákærunni.

X var ákærður fyrir eftirfarandi háttsemi.

1. Með því að hafa, sunnudaginn 21. október 2007, faðmað stúlkuna A fædda 1991, og strokið henni á baki utanklæða og látið þau orð falla að honum liði illa og straumarnir streymdu úr líkama hans við það að faðma hana.
2. Með því að hafa, fimmtudaginn 13. mars 2008, faðmað stúlkuna B, fædda 1992, og kysst hana nokkrum sinnum á kinnina og reynt að kyssa hana á munninn og látið þau orð falla að hann væri skotinn í henni og hún væri falleg.

Voru meint brot talin varða við 199. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 8. gr. laga nr. 61/2007, og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og þess krafist að ákærði yrði dæmdur til refsingar. Þá var krafist miskabóta af hálfu A og B.

Sem áður segir var X sýknaður af báðum liðum ákærunnar í dómi Héraðsdóms Suðurlands 2. desember 2008. Í rökstuðningi fyrir þeirri niðurstöðu kemur m.a. fram að háttsemi ákærða sem ákært var fyrir geti ekki talist kynferðisleg áreitni í skilningi 199. gr. almennra hegningarlaga. Þá segir einnig að ekki verði fallist á með ákærvaldi að ákærði hafi sýnt stúlkunum A og B yfirgang, ruddalegt athæfi, sært þær eða móðgað í skilningi 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

3. Sjónarmið málsaðila.

Hér verður nánar lýst kröfum og röksemdum aðila sem fram komu í greinargerðum þeirra til nefndarinnar og við munnlega reifun málsins fyrir nefndinni 9. desember 2008.

3.1. Sjónarmið biskups Íslands.

Af hálfu biskups Íslands er þess krafist að nefndin rannsaki mál X og láti í ljós rökstutt álit á því hvort rétt hafi verið af embætti biskups að víkja honum frá störfum um stundarsakir. Jafnframt er óskað eftir því að nefndin staðfesti hvort skilyrði fyrir veitingu lausnar um stundarsakir hafi verið uppfyllt þegar ákvörðun þess efnis var

tekin, að sakir þær sem bornar voru á X hafi verið fullnægjandi grundvöllur ákvörðunar embættis biskups og að rétt hafi verið staðið að framkvæmd hennar.

Í greinargerð og munnlegri reifun lögmanns biskups Íslands eru áréttuð skilyrði beitingar 2. másl. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga, sem séu tvíþætt; annars vegar þurfi að liggja fyrir grunur um tiltekna háttsemi embættismanns og hins vegar þurfi háttsemin að vera þess eðlis að hún hefði í för með sér sviptingu réttinda samkvæmt 68. gr. almennra hegningarlaga. Ákvörðun um lausn X hafi verið tekin í kjölfar útgáfu ákæru á hendur honum. Upplýsingar um efni ákærunnar hafi verið veittar biskupsstofu munnlega af þeim saksóknara sem undirritaði ákæruna og hafi embætti biskups mátt treysta fyllilega réttmæti þeirra upplýsinga. Ljóst sé því að við þetta tímamark hafi verið uppi grunur um refsiverða háttsemi X. Megi í því sambandi vísa til þess að samkvæmt 112. gr. laga nr. 19/1991 skuli ákærandi ekki gefa út ákæru nema hann telji fram komin gögn nægjanleg eða líkleg til sakfellis. Því hefði biskup talið að fyrra skilyrði 2. másl. 3. mgr. 26. gr. væri uppfyllt.

Síðara skilyrðið lúti að eðli þeirrar háttsemi sem embættismaður sé grunaður um þegar ákvörðun er tekin um lausn. Samkvæmt ákærunni hafi X verið sakaður um alvarleg brot, nánar tiltekið að hafa beitt tvær ungar stúlkur kynferðislegri áreitni. Um hafi verið að ræða kynferðisbrot í skilningi XXII. kafla almennra hegningarlaga sem geti varðað allt að tveggja ára fangelsi auk þess sem telja verði að slík háttsemi feli ótvírætt í sér brot gegn siðareglum Prestafélags Íslands. Þá verði að líta til hlutverks presta og stöðu þeirra almennt sem og þess trausts sem sóknarprestar þurfi að njóta í samfélaginu. Það hefði því verið til þess fallið að veikja traust almennings á störfum X og prestastéttarinnar almennt hefði hann áfram verið í starfi eftir útgáfu ákæru á hendur honum um kynferðisbrot. Við þetta tímamark hefði einnig borið að líta til þess að yrði X sakfelldur fyrir umrædd brot væru þau svo alvarleg að hann teldist ekki lengur verður eða hæfur til að gegna starfi sóknarprests. Ekki skipti máli þótt krafa um embættismissi hafi ekki verið gerð í ákæru. Í þessu sambandi er vísað til fyrri álita nefndar skv. 27. gr. starfsmannalaga, en þar hafi ítrekað komið fram að ekki sé gerð sú krafa að embættismissis sé krafist í ákæru fyrir dómi og vísað til álita nefndarinnar í málum 1/2002, 2/2002 og 3/2002, 3/2003 og 4/2003.

Loks er bent á það af hálfu biskups að ekki hafi verið óheimilt að veita lausn án þess að andmælaréttar væri gætt, enda eigi hér við sérregla 2. másl. 4. mgr. 26. gr. starfsmannalaga þar sem segir að ekki sé skylt að gefa starfsmanni kost á að tjá sig um ástæður lausnar um stundarsakir, þegar ástæður lausnar eru þær sem greindar eru í 3. mgr. 26. gr. laganna. Þá er tekið fram að ekki sé skylt að veita starfsmanni áminningu þegar grundvöllur máls sé 2. másl. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga, eins og ályktað verði af 4. mgr. 26. gr.

3.2. *Sjónarmið X*

Af hálfu X er þess aðallega krafist að nefndin gefi það álit að biskupi Íslands hafi ekki verið rétt að veita honum lausn frá embætti um stundarsakir. Þá er þess krafist að nefndin viðurkenni að X skuli taka aftur við embætti sínu.

Í greinargerð og munnlegri reifun lögmanns X er því haldið fram að málið hafi ekki verið nægilega upplýst þegar biskup tók hina umþrættu ákvörðun og því hafi rannsóknarreglu samkvæmt 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 ekki verið gætt. Verði ekki séð að biskup hafi haft nokkur gögn undir höndum um þau ætluðu brot X sem ákvörðunin byggðist á, en aðeins hafi legið fyrir munnleg staðfesting ríkissaksóknara á því að ákæra hafi verið gefin út á hendur honum. Biskup hafi ekki fengið afrit ákærunnar í hendur fyrr en sex dögum eftir að hann tók ákvörðun um að veita X lausn frá embætti um stundarsakir. Ákvörðun biskups hafi haft verulega persónulega og fjárhagslega þýðingu fyrir X og því hafi biskupi borið að vanda til meðferðar málsins og sjá til þess að aflað væri sem gleggstra upplýsinga áður en ákvörðun var tekin.

Í annan stað hafi verið skylt að gefa X kost á að tjá sig um fyrirhugaða ákvörðun um lausn um stundarsakir, sbr. ákvæði 13. gr. stjórnsýslulaga. Þótt það sé ekki skylt samkvæmt starfsmannalögum verði að líta til þeirrar framkvæmdar að embættismanni sé í raun alltaf gefinn kostur á að tjá sig um ástæður fyrirhugaðrar lausnar við þessar aðstæður. Í því sambandi er vísað til heimasíðu fjármálaráðuneytisins varðandi starfslok embættismanna þar sem segir að enda þótt 4. mgr. 26. gr. kveði ekki á um andmælarétt í öllum tilvikum þyki eftir sem áður rétt að veita embættismanni ávallt tækifæri til að tjá sig sé þess nokkur kostur. Þeim mun ríkari ástæða hafi verið að leita sjónarmiða X þar sem ákvörðunin var eingöngu byggð á munnlegri staðfestingu ríkissaksóknara á útgáfu ákæru sem biskup hafi ekki einu sinni séð. Þá er bent á að biskupi Íslands hafi borið að vekja athygli X á að hann hefði mál um hugsanlega lausn hans frá embætti um stundarsakir til meðferðar, sbr. 14. gr. stjórnsýslulaga. Enn fremur hafi verið brotið gegn upplýsingarétti X með því að hann hefði ekki notið réttar til að kynna sér þau gögn sem málið vörðuðu.

Bent er á að í ákæru hafi ekki verið krafist sviptingar embættis X og ekki hafi þar heldur komið fram að hann hefði framið hin meintu brot í opinberu starfi. Þá hefði meint háttsemi hans, ef rétt hefði reynst, ekki verið þess eðlis að geta leitt til sviptingar embættis, vegna þess að hann teldist ekki lengur verður eða hæfur til að gegna því. Þótt ekki yrði gert lítið úr ætlaðri háttsemi hans eða kynferðisbrotum almennt, yrði ekki lítið fram hjá því að honum væru gefin að sök tvö minniháttar kynferðisbrot. Draga hefði mátt stórlega í efa, þrátt fyrir útgáfu ákæru að meint háttsemi hans uppfyllti skilyrði um refsinaemi kynferðislegrar áreitni sem lýst er í 199. gr. alm. hgl. Það hafi síðar verið staðfest í dómi Héraðsdóms Suðurlands í refsímalinu frá 2. desember, þar sem X hafi verið sýknaður af báðum ákæruliðum.

Loks er því haldið fram af hálfu X að ákvörðunin hafi brotið gegn meðalhófsreglu 12. gr. stjórnslulaga. Enga nauðsyn hafi borið til að veita honum lausn um stundarsakir, enda hefði hann verið í leyfi frá störfum frá 1. maí 2008. Útgáfa ákæru á hendur honum vegna kynferðislegrar áreitni gæti ekki ein og sér leitt til þess að hann væri fyrirvaralaust leystur frá embætti. Rétt hefði verið af biskupi að bíða niðurstöðu dómsmálsins. Hefði það verið gert hefði aldrei komið til þess að X væri veitt lausn. Einnig hefði biskupi borið að veita honum áminningu áður en tekin var ákvörðun um lausn hans frá embætti um stundarsakir, enda væri umrædd háttsemi sem ákæran varðaði í versta falli ósæmleg, óhæfileg eða ósamrýmanleg embætti hans sem sóknarprests samkvæmt 2. mgr. 26. gr. Við slíkar aðstæður sé skylt að veita áminningu og veita embættismanni kost á að bæta ráð sitt, áður en honum er veitt lausn um stundarsakir.

Nú þegar sýknudómur liggja fyrir leiki enginn vafi á því að X eigi rétt á að taka aftur við embætti. Er því gerð krafa um að nefndin ákveði að hann skuli taka aftur við embættinu. Til stuðnings því er vísað til 1. mgr. 27. gr. starfsmannalaga en þar segir að nefndin skuli rannsaka mál embættismanns sem vikið hefur verið frá um stundarsakir svo að upplýst verði hvort rétt er að veita honum lausn að fullu.

4. Niðurstaða nefndarinnar og rökstuðningur fyrir henni.

Í máli þessu krefst biskup Íslands þess að nefndin rannsaki mál X og láti í ljós rökstutt álit á því hvort rétt hafi verið að víkja honum frá störfum um stundarsakir. Af hálfu X er þess krafist að nefndin komist að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið rétt að veita honum tímabundna lausn frá störfum og jafnframt að nefndin ákveði að hann taki aftur við embætti.

Eins og margsinnis hefur verið áréttáð í fyrri álitum nefndarinnar, síðast í máli nr. 1/2007 er nefndinni ætlað ákveðið rannsóknarhlutverk, sbr. 1. mgr. 27. gr. starfsmannalaga sem miðast við að láta í ljós rökstutt álit um það hvort skilyrði fyrir veitingu lausnar um stundarsakir hafi verið uppfyllt þegar ákvörðunin var tekin og hvort rétt hafi verið staðið að framkvæmd stjórnvaldsákvörðunarinnar.

Nefndin hefur einnig tekið fram í fyrri álitsgerðum sínum að niðurstaða hennar um að rétt hafi verið að víkja manni úr embætti um stundarsakir geti orðið grundvöllur undir síðari ákvörðun viðkomandi stjórnvalds um það hvort starfsmaður skuli taka aftur við embætti sínu eða hvort víkja eigi honum að fullu. Sá grundvöllur sé þó ekki bindandi eins og fram kemur í 2. mgr. 29. gr. starfsmannalaga. Reynist ávirðingar sem embættismanni eru gefnar að sök ekki vera fyrir hendi, skal stjórnvaldið ekki víkja manni að fullu, þótt nefndin hafi talið rétt að víkja honum um stundarsakir. Þótt stjórnvald hafi fengið niðurstöður nefndarinnar um að rétt hafi verið að víkja embættismanni frá störfum um stundarsakir þarf stjórnvaldið því að taka sjálfstæða ákvörðun um endanlega lausn úr embætti með tilliti til þess sem síðar hefur komið fram um þær ávirðingar sem voru uppi. Það er hins vegar ekki hlutverk nefndarinnar að taka ákvörðun um það hvort embættismaður skuli aftur taka við starfinu.

Þegar ákveðið var að veita X lausn frá embætti um stundarsakir hafði ákæra verið gefin út á hendur honum fyrir brot á 199. gr. almennra hegningarlaga um kynferðislega áreitni gagnvart tveimur unglingsstúlkum. Samkvæmt því ákvæði varðar kynferðisleg áreitni allt að tveggja ára fangelsi, en hún felst m.a. í því að strjúka, þukla eða káfa á kynfærum eða brjóstum annars manns innan klæða sem utan, enn fremur í táknrænni hegðun eða orðbragði sem er mjög meiðandi, ítrekað eða til þess fallið að valda ótta. Þá var X einnig ákærður fyrir brot á 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 en samkvæmt því varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum að sýna barni yfirgang, ruddalegt eða ósiðlegt athæfi, særa það eða móðga. Ákæra um brot X laut að því að hann hefði faðmað stúlkurnar A, fædda 1991 og B, fædda 1992, strokið A utan klæða, kysst B nokkrum sinnum á kinnina og reynt að kyssa hana á munninn og látið tiltekin orð falla til þeirra beggja. Tilvikin tvö áttu sér bæði í Selfosskirkju þar sem A starfaði við sunnudagaskólann í kirkjunni en B hafði verið stödd þar eftir æfingu með unglingakór.

Að mati nefndarinnar leikur ekki vafi á því að grunur hafi legið fyrir um refsivert brot þannig að fyrra skilyrði 2. másl. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga, hafi verið uppfyllt. Eftir er þó að meta hvort síðara skilyrði ákvæðisins, að háttsemin sem X var ákærður fyrir hafi verið þess eðlis hún gæti leitt til sviptingar réttinda samkvæmt 68. gr. almennra hegningarlaga ef rétt reyndist, þar sem hann teldist ekki verður eða hæfur til að rækja áfram starfann. Nefndin bendir á að sú aðstaða að sóknarprestur sé ákærður fyrir kynferðisbrot samkvæmt almennum hegningarlögum og barnaverndarlögum gagnvart börnum og að slík meint háttsemi hafi átt sér stað innan veggja kirkjunnar bendir til þess að ákæruvaldið hafi talið, að lokinni lögreglurannsókn, fram komin gögn nægjanleg eða líkleg til sakfellis, sbr. 112. gr. laga um meðferð opinberra mála. Var biskup Íslands ekki í aðstöðu til þess að endurskoða það mat ríkissaksóknara og komast að annarri niðurstöðu um líkur á því að sakfelling næði fram að ganga. Yrði sóknarprestur sakfelldur fyrir að hafa framið kynferðisbrot gagnvart börnum í kirkjulegu starfi verður að fallast á að hann teldist ekki verður eða hæfur til að gegna starfinu áfram í skilningi 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga. Að mati nefndarinnar skiptir ekki máli í þessu tilliti hvort brotið teljist vera minniháttar, hér nægir að líta til eðlis þeirra brota sem ákært var fyrir. Þá er rétt að taka fram að ekki er skilyrði að krafist hafi verið sviptingar embættis í opinberu máli gegn embættismanni, til þess að heimilt sé að veita honum lausn um stundarsakir. Hér ræður úrslitum að háttsemi embættismanns, ef sönn reyndist, væri þess eðlis að hann teldist ekki lengur verður eða hæfur til að rækja starfann og hefði þannig í för með sér sviptingu réttinda skv. 68. gr. alm. hgl. sem áður segir.

Þessu næst verður metið hvort málið hafi verið rannsakað af hálfu biskups þannig að það væri nægilega upplýst til að taka mætti ákvörðun um lausn um stundarsakir, sbr. 10. gr. stjórnarsýslulaga. Nefndin leggur áherslu á að rík skylda hvílir á stjórnvaldi til að vanda til undirbúnings og meðferðar máls og sjá til þess að aflað sé gagna og sem

gleggstra upplýsinga áður en íþyngjandi ákvörðun er tekin. Fulltrúi biskupsstofu leitaði upplýsinga um stöðu málsins hjá embætti ríkissaksóknara þann 16. september. Hann fékk staðfest að ákæra hefði verið gefin út á hendur X þann 12. september og fékk jafnframt munnlegar upplýsingar um efni hennar. Þessar upplýsingar veitti sá saksóknari sem ritaði undir ákæruna. Samdægurs óskaði biskupsstofa eftir því að fá afhent afrit ákærunnar. Á hinn bóginn var afrit hennar ekki komið í hendur biskups þegar hann ákvað að veita X lausn um stundarsakir degi síðar, þann 17. september, en hún barst biskupsstofu með bréfi héraðsdómara við Héraðsdóm Suðurlands 23. september og þá höfðu nöfn brotapolara verið máð úr texta hennar.

Nefndin hefði talið vandaðri stjórnsluhætti að bíða þess að ákæran hefði verið komin í hendur biskups þegar ákvörðunin var tekin. Á móti kemur að stjórnslulög útiloka ekki að ákvörðun verði byggð á munnlegum upplýsingum eins og atvikum var háttað í þessu máli enda sé uppfyllt skilyrðið um að málið teljist nægilega upplýst á annað borð. Umrætt ákæruskjal var stutt og upplýst hafði verið munnlega um efni ákæruliðanna tveggja sem þar stóðu. Refsimálið á hendur X var rekið fyrir luktum dyrum með tilliti til brotapolanna. Frekar gagnaöflun eða upplýsingaleit biskups um málavexti eða gögn málsins hefðu því reynst árangurslausar og hefur ekki verið sýnt fram á að þar hafi verið gögn sem upplýstu málið frekar. Nefndin er því þeirrar skoðunar að málið hafi talist nægilega upplýst til þess að hægt væri að taka ákvörðun um lausn X um stundarsakir.

Í lokamálslið 4. mgr. 26. gr. starfsmannalaga er mælt fyrir um undantekningu frá almennri reglu um andmælarétt, því ekki er skylt að gefa embættismanni kost á því að tjá sig um ástæður lausnar um stundarsakir ef ákvörðun er tekin á grundvelli 3. mgr. 26. gr. Hefur ekki verið sýnt fram á að framkvæmd eða venjur hafi vikið til hliðar þessari lagareglu þótt mörg dæmi finnist um að embættismönnum hafi verið veittur kostur á að koma að andmælum áður en þeir voru leystir frá störfum um stundarsakir. Með því að leysa embættismann frá störfum um stundarsakir án andmælaréttar við þessar aðstæður, er mál sett í þann sérstaka farveg að fyrir nefndinni getur starfsmaðurinn komið að þeim gögnum og rökum sem hann óskar að koma á framfæri til að andmæla ákvörðuninni, svo sem hvort skilyrði 3. mgr. 26. gr. hafi verið uppfyllt eða réttta málsmeðferðarreglna hafi verið gætt við meðferð málsins.

Nefndin fellst ekki á að brotið hafi verið gegn meðalhófsreglu 12. gr. stjórnslulaga með því að veita X lausn um stundarsakir á grundvelli 2. másl. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga í stað þess að neyta vægari úrræða gagnvart honum, svo sem að veita honum áminningu eða bíða niðurstöðu refsímálsins áður en gripið var til þessa úrræðis. Nefndin hefur ítrekað tekið fram í álitum sínum, t.d. í máli nr. 3/2003, að umrætt ákvæði starfsmannalaga sé lögmælt bráðabirgðaúrræði sem lögin veita til þess að bregðast við sérstökum aðstæðum. Rökin hér að baki eru að ekki sé forsvaranlegt að embættismaður, sem grunaður er um að hafa framið refsivert brot, gegni því á meðan slíkur grunur er til staðar en í því sambandi verður einnig að líta til bæði eðlis og alvarleika brots og hvaða starfsstétt embættismanna á í hlut. Hefur nefndin m.a. bent á að ákvæðið eigi við um

starfsstéttir eins og lögreglumenn sem hafa það hlutverk að halda uppi lögum í þjóðfélaginu og þyrftu að njóta trausts almennings. Að mati nefndarinnar eiga sömu rök við um starfsstétt sóknarpresta, sem verða vegna stöðu sinnar og hlutverks að njóta trausts sóknarbarna sinna og að ekki sé forsvaranlegt að sóknarprestur gegni embætti á meðan ákæra um meint kynferðisbrot hans er til meðferðar fyrir dómstólum.

Að þessu virtu er það álit nefndarinnar að þær sakir sem bornar höfðu verið á X og voru komnar fram í ákæru á hendur honum þegar ákvörðun var tekin um að veita honum lausn frá embætti um stundarsakir hafi verið fullnægjandi grundvöllur ákvörðunarinnar.

Nefndin áréttar það sjónarmið sem áður var lýst að reynist ávirðingar sem embættismanni eru gefnar að sök ekki vera fyrir hendi skuli stjórnvald ekki víkja manni að fullu þótt nefndin hafi talið rétt að víkja honum um stundarsakir miðað við þær aðstæður sem þá voru uppi. Nefndin telur mikilvægt að benda á að X hefur nú verið sýknaður í héraðsdómi af þeim ávirðingum sem honum voru gefnar að sök, en ekki liggur fyrir hvort málinu verður áfrýjað. Nefndin beinir því til biskups Íslands að taka tillit til endanlegrar niðurstöðu málsins þegar hann tekur ákvörðun í framhaldi af niðurstöðu nefndarinnar.

ÁLIT

Nefnd skv. 27. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, telur að biskupi Íslands hafi verið rétt að veita X lausn frá störfum um stundarsakir þann 17. september 2008.

Þann 16. desember 2008

Björg Thorarensen

Arnar Guðmundsson

Erna Guðmundsóttir